Kennarar	Ragnheiður Björk Þórsdóttir, Halldóra Björg Sævarsdóttir og Helga Björg Jónasardóttir	Sk.st.	RÞÓ, HBS og HBJ

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga og gera sér grein fyrir hvaða áhrif veðurfar, stjórnmál, tækniframfarir og tíska hefur á manninn. Nemendur fá einnig innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum frá tímum pýramídanna og fram á 21. öldina. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annara hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

Markmið:

- að nemendur fái innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga.
-að nemendur fái innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum fram á 21. öldina.
-að nemendur geri sér grein fyrir því hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annarra hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

Kennslutilhögun:

2 x 2 kennslustundir á viku í 14 vikur, ca 56 kennslustundir. Gert er ráð fyrir að hlutur textílsögunnar sé ca. 33%, hlutur búningasögunnar ca. 33% og hlutur list-iðnaðarsögunnar ca. 34% af áfanganum. Verkefni eru unnin í hverjum hluta fyrir sig.

Áætlun um yfirferð:

1. hluti:	Textílsagan – 33%, ca 5 vikur	Hópverkefni 1: skil 23. sept.
Vika 35 - 39	Í upphafi er farið yfir helstu hugtök sem nauðsynlegt er að nemendur kunni skil á s.s. körfugerð, vefnaður, myndvefnaður, prjón, útsaumur, þrykk og frjáls textíll. Byrjað á textílsögu forn Egyptalands og síðan stiklað á stóru í sögu og þróun textílsins fram á okkar daga. Textíllinn sem myndlistarmiðill skoðaður – upphaf og endir?	**Hópverkefni 1 Textílsagan Vægi: 20%**

2. hluti	**Búningasagan – 33% , ca 5 vikur.**	
Vika 39 – 44	Búningasagan rakin frá upphafi og fram á okkar daga. Farið í gegnum helstu efnisnotkun í fatnaði frá upphafi, jafnt í Evrópu, Afríku, Asíu og Ameríku. Iðnbyltingin og áhrif hennar á efnisnotkun og framleiðsluhætti. Áhrifaþættir eins og veðurfar, trúarbrögð og tíska skoðuð í hinum ýmsu menningarsamfélögum eins og tími leyfir. Efnishugtök og heiti skoðuð: Leður, ull, silki, bómull, hör, gerviefni, ofin munsturefni, áþrykkt efni og fl. Textíl- og búningasagan skarast að miklu leiti og verður sérstaklega farið í gegnum þann þátt í bæði fyrstu og annari lotu.	**Hópverkefni 2 og einstaklings-ritgerð.** **Hópverkefni: Búningasagan.** **Vægi: 20% og skil ca. 21. okt.** **Einstaklings-ritgerð/dagbók.** **Skil: ca. 15. nóv.** **Vægi: 35%**

3. hluti:	**Listiðnaðar og hönnunarsagan – 33%, ca 5 vikur.** **Vika 44 - 49**	**Hópverkefni: skil 20. nóv.**
	Saga byggingarlistarinnar eða arkitektúrs skoðuð frá forn Egyptum fram á okkar daga. Fjallað verður um byggingar, húsmuni og aðra nytjahluti og skoðað hvað hefur helst áhrif á hönnun og útlit þessara hluta. Skoðuð verða hugtök eins og iðnbyltingin, listiðnaðarfélög, listiðnaðarfyrirtæki, listiðnaðarskólar, heimssýningar, Shakers, Art Nouveau, De Stijl, Bauhaus, Art Deco, straumlína, nytjastefna og naumhyggja. Reynt verður að skoða hönnunarsöguna á Íslandi á 20. og 21. öldinni eins og tíminn leyfir.	**Hópverkefni 3. Hönnunarsagan** **Vægi: 20% og skil ca. 20. nóv.**

V

Námsgögn:

Hefti frá kennara – í tölvutæku formi (Moodle). Ýmsar hönnunar-, textíl- og búningasögubækur af bókasafni VMA.
Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að, eða kaupi sér bækurnar *Tíska* (e. Gertrud Lehnert, Háskólaútgáfan: 2000) og *Hönnun.* (e. Thomas Hauffe, Háskólaútgáfan:1999).

Verkefni:

Nemendur vinna alls fjögur verkefni á önninni – þrjú hópverkefni og eitt einstaklingsverkefni. Í einstaklingsverkefninu velja nemendur á milli dagbókarforms og heimildaritgerðar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus símats áfangi þar sem vinna nemenda er metin þ.e. þrjú hópverkefni sem gilda 20 % hvert og einstaklingsritgerð/dagbók sem gildir 35 %. Metin verður þekking og skilningur nemenda á forsendum hönnunar og textíls og einnig verður lagt mat á þátttöku nemenda í umræðum.
Ef nemendur kjósa að gera dagbók í lokaverkefni í stað heimildaritgerðar þá er æskilegt að þeir byrji að vinna dagbókina í upphafi annar, geta notað hana bæði sem glósu-, úrklippi- og gagnasöfnunarbók.
Ástundun og mæting gildir 5% af lokaeinkunn.
Með fyrirvara um breytingar.

Ragnheiður: ragga@vma.is, Halldóra: dorabjorg@vma.is og Helga Björg: hbj@vma.is

Dagsetning: 18.08.2013

Undirritun kennara **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**